

Opnun slökkvistöðvar og aðstöðu hafna Norðurlings á Húsavík 7.2.2020

Kæru gestir verið hjartanlega velkomin.

Í dag er hátíðisdagur í sveitarfélaginu þegar við tökum nýja og glæsilega slökkvistöð og aðstöðu hafna formlega í gagnið. Aðstaðan er öll hin glæsilegasta og það er öllum ljóst að straumhvörf hafa orðið á rekstrarumgjörð slökkviliðs Norðurlings og starfsaðstöðu hafnanna hér á Húsavík.

Í tilefni af þessum tímamótum í starfsemi slökkviliðsins fór ég að leita mér heimilda um hvenær og með hvaða hætti brunavörnum var háttað hér í árdaga. Auðvitað lá beinast við að fletta upp í Sögu Húsavíkur, en þar kermur fram í öðru bindi að fyrsta frumkvæði til brunavarna hér á Húsavík er að finna 1. desember 1920 þegar kosnir voru tveir menn „til að aðstoða lögreglustjóra við brunatilfelli“ samkvæmt 38. grein lögreglusamþykktarinnar fyrir Húsavík. Óskaplega lítið virðist þó hafa farið fyrir framkvæmdum þessu tengt fyrr en aftur 7. janúar 1927 þegar hreppsnefnd kaus þrjá menn í nefnd til að athuga frumkvarp til reglugerðar um brunamál, sem líklega er sú nefnd sem hreppsnefnd skoraði á að stofna slökkvilið 22. október 1929, þ.e. fyrir rúmum 90 árum síðan.

Fyrstu brunahanarnir voru settir upp 1930, fimm talsins. Það er mjög athyglisvert að rýna í samþykta ítarlega reglugerð um slökkvilið og brunamál fyrir Húsavíkurkaupþún sem hreppsnefnd samþykkti þetta sama ár. Hún byggir á því að allir voru skyldugir til að til að taka þátt í slökkvistarfi ef þeir yrðu til þess kallaðir. Sérstakt slökkviliði, að minnsta kosti 24 manna, skildi skipað og voru allir á aldrinum 20-60 ára skyldugir að hlýða kalli, stunda æfingar og taka þátt í slökkvistarfi. Engar afsakanir þessara manna skyldu gildar nema veikindi og fjarvera.

Fyrsti slökkviliðsstjóri var skipaður Einar J. Reynis og að áeggjan hans var ráðist í fjárfestingar tækja því engin voru þau tiltæk. Brunavarnartæki voru keypt af vegamálastjóra, með láni frá Brunabótafélagi Íslands á 6% vöxtum takk fyrir. Keypt voru brunasegl, handkerra, hakar, axir, 20 metrar af 2“ slöngu, tengi, slöngustútur, véldæla og handkerra fyrir hana, gasgríma, lífbelti og björgunarstrengur, auk brunalúðra, hjálma og brunastiga sem næði 12m. Komið var upp 50 fm bárujárnshúsi til að geyma tækin í miðbænum, fast við lóð Vetrarbrautar sem stóð við aðalgötuna gengt þar sem leikhúsið stendur nú.

Þessi grunnur og það skipulags sem þarna var lagt að starfsemi slökkviliðsins á staðnum má segja að hafi staðið nær samfellt og lítið breytt fram undir 1980. Á þessum upphafsáratugum slökkviliðsins var einna helst kvartað yfir æfingaleysi, en verður þó að segjast að slökkviliðsmenn hafi ætíð staðið sig afar vel þegar á reyndi, þótt ég telja að heilt yfir hafi bæjarbúar sloppið vel við stórbruna og tækjaskortur því kannski ekki komið að sök á þessum árum. En það er vont að stóla á heppnina í lífinu.

Fyrst var farið að ræða slökkvibíl á árinu 1946, en ekki fyrr en 1954 kom slíkur bíll til Húsavíkur – af Dodge gerð. Árið 1971 eignaðist slökkviliðið nýjan Bedford og gat sá dælt frá sér 1800 lítrum af vatni áður en tengt var við brunahana, sem þóttu straumhvörf þá. Það var ekki aftur fyrr en 1992 sem nýr slökkvibíll kom í bæinn og mesta byltingin í endurnýjun bílaflotans síðan þá varð með tilkomu Benz Sprinter bifreiðarinnar árið 2018 sem hefur nú þegar reynst gríðarvel.

Til 1964 þjónaði fyrrnefndur bárujárnsskúr í miðbænum hlutverki slökkvistöðvar hér í bænum. Þá flutti hún í nýtt hús sveitarfélagsins að Ketilsbraut þar sem nú er stjórnsýsluhús og svo 1984 flutti liðið út á Höfða, hvaðan það hefur nú flutt hingað að Norðurgarði 5.

Í dag eru 26 einstaklingar skráðir í slökkviliðið á Húsavík og má því segja fjöldi slökkviliðsmanna hafi haldist nær óbreyttur hér frá upphafi vega. Ótrúlegar framfarir hafa auðvitað orðið í árunna rás hvað snertir efni, tæki og tól og grunnbúnaður slökkviliðsmanna orðin afar vandaður í dag. Vert er að minnast á að slökkvilið Norðrúpings telur fleiri en þá sem starfa hér á Húsavík því 18 eru skráðir í liðið á Kópaskeri og aðrir 18 á Raufarhöfn. Liðið hefur til umráða 8 bifreiðar til slökkvi- og vettvangsliðastarfa á starfssvæðinu sem er víðfemt, sennilega annað stærsta landsvæði sem slökkvilið á Íslandi hefur umsjón með og nær nánast óslitið frá Húsavík að Biskupshálsi í austri og norður fyrir Ormarsá við Raufarhöfn.

Liðið sinnir sjúkraflutningum á Húsavík á móti starfsmönnum HSN og rekur auk þess tvo 10 manna vettvangsliðahópa á Kópaskeri og Raufarhöfn til stuðnings við sjúkraflutninga á svæðinu norðan Húsavíkur. Um helmingur slökkviliðsmanna liðsins hefur hlotið löggildingu sem slökkviliðsmenn, og í liðinu eru 10 menntaðir sjúkraflutningamenn, þannig að mannauðurinn er mikill.

Starfsemi slökkviliðsins hefur breyst mikið hér í sveitarfélaginu á undanförunum árum og verkefnum fjölgað til muna. Á dagvinnutíma eru þrír fastir starfsmenn sem sinna brunavörnum, eldvarnareftirliti, sjúkraflutningum og öðru því sem við kemur starfseminni, auk tveggja starfsmanna sem sinna bakvakt. Fjórir einstaklingar alls sinna bakvakt slökkviliðs frá kl. 16.00 – 08.00 alla virka daga og um helgar. Samstarf við HSN á Húsavík um mönnuna á öðrum af tveimur sjúkrabílum gengur vel og tekist hefur að efla brunavarnir og viðbragð við eldsvoðum í takti við þær væntingar sem við höfðum með tilkomu starfssemi PCC BakkiSilicon hingað á svæðið. Útkallsverkefni allra þátta liðsins á sl. ári voru 182 talsins og jukust úr 131 árið 2018. Alls hafa útkallsverkefni því aukist um 89% frá 2017, sem gefur glögga mynd af þeirri breytingu sem orðið hefur. Ég tel að eldvarnareftirliti hafi aldrei verið sinnt af krafti hér í okkar samfélagi sem er vel, því forvarnir á þessu sviði skipta mestu máli. Með tilkomu nýja æfingasvæðisins sem slökkviliðið hefur komið upp hér rétt sunnan við bæinn getum við sömuleiðis haft væntingar til þess að þekking og færni slökkviliðsmanna aukist og ég hef miklar væntingar til þess að sú glæsilega aðstaða sem þar hefur verið reist muni nýtast slökkviliðsmönnum af landinu öllu sem nú geta komið hingað til æfinga og námskeiðahalds.

En örstutt að starfseminni sl. ár og því grettistaki sem lyft hefur verið í málaflokknum. Á árinu 2013 var gerð stöðugreining á slökkviliði Norðrúpings um allt sem að liðinu kom. Í þeirri skýrslu kom fram hversu mikilvægt það væri að gera bragarbót á starfseminni til framtíðar, ekki síst ef af uppbyggingu á Bakka yrði. Fyrir hönd sveitarfélagsins er ég stoltur að geta vísað í þá staðreynd að nettó rekstrarútgjöld sveitarfélagsins voru árið 2013 skv. ársreikningi sveitarfélagsins 38,2 mkr (útgjöld 42,3 og tekjur 4,2). Árið 2019 voru nettó útgjöldin skv. útkomuspá 45,9 mkr (útgjöld 86 mkr og tekjur 41,1 mkr). Ef við tökum tillit til verðlagsbreytinga yfir tímabilið sem er um 17,4% hækkun sést að við erum að reka málaflokkinn fyrir sömu fjármuni 2013 og 2019 en öll umgjörð orðin meiri og sterkari.

Slökkviliðið hefur til langs tíma verið starfrækt í ófullnægjandi húsnæði og því var óumflýjanlegt að fara í fjárfestingu því tengdu. Heildarfjárfestingin í þessu húsnæði sem

formlega er tekið í notkun í dag, að meðtalinni fyllingu lóðar, gatnagerðargjöldum, hönnun og öðrum kostnaði er um 308 mkr og þar af var húsið sjálft reist fyrir 247 mkr, sem er afar ásættanleg niðurstaða fyrir sveitarfélagið og til samræmis við kostnaðaráætlanir, næsta uppá punkt og prik. Hér í þessu ríflega 1000 m² húsi er góð starfsmannaaðstaða, og sérhæfð rými sem þarf til starfsemi bæði slökkviliðsins og hafnarstarfseminnar. Alls er bílasalurinn rúmur helmingur rýmisins eða 535 m². Það verður einfaldlega að segjast að uppbygging aðstöðunnar hefur gengið með ágætum og vil ég koma á framfæri kærum og innilegum þökkum til aðalverktakans Trésmiðjunnar Reinar ehf. fyrir að skila af sér prýðisgóðu verki, í öllum meginatriðum á kostnaðar- og tímaáætlun sem ber að þakka. Það er einstaklega ánægjulegt að við höfum á að skipa jafn öflugum heimaaðilum og þeim sem hér hafa reist þessa frábæru aðstöðu. Öllum öðrum undirverktökum, jarðvegsverktökum, hönnuðum og ráðgjöfum færi ég sömuleiðis kærar þakkir fyrir samstarfið og þeirra framlag til byggingu hússins.

Kæru gestir. Í þessari yfirferð minni hef ég næsta lítið komið inn á þær breytingar sem þetta húsnæði hefur á starfsemi hafnanna okkar á Húsavík, sem eru auðvitað mjög miklar. Aðstaðan mun gera okkur kleift að sinna betra viðhaldi á eignum hafnarsjóðs hér á verkstæði innandyrna og sameina starfsemina betur á einum stað sem auðveldar allt verklag og starfsmannahald, auk þess að efla eftirlit á hafnarsvæðinu og hverskonar viðbragð og þjónustu starfsmanna.

Ég vil óska bæði hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra og öllum öðrum starfsmönnum þeirra til hamingju með aðstöðuna með óskum um gott gengi og heillarík störf til framtíðina. Það er nauðsynlegt að muna það þegar við tökum ný mannvirki í notkun að starfsemin verður aldrei neitt án þess fólks sem á hverjum stað sinnir sínum verkefnum af alúð. Ég ber miklar væntingar til þess að starfsemin í þessu húsi beri húsinu góðan vitnisburð og að ný aðstaða auki starfsánægju og efli þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir í þessum málaflökkum til framtíðar. Ég tek undir orð slökkviliðsstjóra í ársskýrslu liðsins fyrir sl. ár „*Vonandi þurfum við sem minnst að nýta starfsemina í neyðarviðbrögðum á komandi árum, en tel okkur öll vilja geta treyst á að viðbragðið sé til staðar ef samfélagið okkar þarf á því að halda.*“

Gangi okkur vel – til hamingju með daginn íbúar Norðurbings.